

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar læðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Meltingarlækningar og klínískar rannsóknir

Það tók mig langan tíma að velja læknisfræðina. Eftir stúdentspróf í MA kenndi ég í eitt ár í grunnskóla en byrjaði svo árið eftir í sálfræði í HÍ. Mér fannst sálfræðin ekki skemmtileg og færði mig yfir í heimspekinám sem ég stundaði í 2 ár. Heimspekin var mjög athyglisverð en ég hafði ekki löngun til að öðlast titilinn „heimspekingur.“ Ég notaði líka tímann til að lesa skáldsögur. Líklega var það góður undirbúningur fyrir læknisfræðina að lesa um þjáningar Raskolnikofs í *Glæp og refsingu* eftir Dostojevski og lesa um *Karamazov bræðurna* sem hann skrifaði líka og er stórkostleg frásögn um manninn og hans breyskleika. Ákvað síðan að reyna við læknisfræðina.

Það voru þrír kennarar í læknadeild sem mér fannst bera af. Ólafur Steingrímsson sýklafræðingur og Gunnar Guðmundsson prófessor í taugalækningum, sem voru húmanistar og komu fram við okkur nemana eins og jafningja. Einnig Þorkell Jóhannesson sem var kröfuharður en góður kennari enda fékk ég mjög mikinn áhuga á lyfjafræði sem er enn til staðar. Eftir útskrift fór ég beint til Svíþjóðar og vildi flýta mér í sérnám enda orðin þrítugur og faðir tveggja barna. Það kom ekkert annað til greina en lyflækningar, sem ég hafði brennandi áhuga á og sérstaklega hafði ég mikinn áhuga á fólki, sem ekki hefur minnkað með aldrinum. Sem hluta af sérfræðináminu fór ég að vinna á meltingarlækningadeild í Gautaborg. Þar kynntist ég sérfræðingum sem mér líkaði einstaklega vel við. Þeir tóku sjálfa

sig ekkert of alvarlega en slíkt fólk hef ég átt léttara með að umgangast. Mér fannst ég passa inn þarna og byrjaði fljótlega í doktorsnámi. Ég hreifst af vísindalegri hugsun sem var í hávegum höfð á deildinni og rannsóknir á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu voru í algjörum forgangi. Ég smitaðist af þessum rannsóknarvilja og þörfinni á að skapa nýja þekkingu og fannst líka verulega gaman að sjálfri sérgreininni. Mestan áhuga hafði ég á lifrarlækningum og var með frábæran mentor, Rolf Olsson, sem var mjög virkur og þekktur lifrarlæknir í Evrópu. Meltingarlækningar eru mjög fjölbreyttar og fyrir utan lifrarlækningar er hægt að mennta sig í sérhæfðum speglunum, í starfrænum kvillum (*gastrointestinal motility*) og bólgusjúkdómum í meltingarvegi sem hafa vaxið á undanförunum árum með tilkomu fjölda líftæknilyfja.

Ég fékk mikil tækifæri til að stunda rannsóknir á Sahlgrenska, bæði tækjábúnað, styrki og möguleika á að fá tíma frá klíníkinni. Einnig gat ég farið á allar þær ráðstefnur og fundi sem ég vildi og þurfti að fara á. Tveimur árum eftir doktorspróf 1994 fór ég til University of Michigan í Ann Arbor í *post doc*. Eftir það starfaði ég á Sahlgrenska sem sérfræðingur 1997-2008, en vann á John Radcliffe sjúkrahúsinu í Oxford 2001 og við rannsóknir á Mayo Clinic Rochester Minnesota 2006 og 2008-2009. Ég hef frekar litið á mig sem forvitinn læknir en vísindamaður en hef elskað þennan akademíska lífsstíl, vera í samstarfi við fólk út um allan heim, fara á ráðstefnur



Einar Stefán Björnsson
meltingarlæknir

og handleiða doktorsnema. Drauma- staðan er að gefa ungum lækni eða læknanema hugmynd að rannsóknarverkefni sem sá hinn sami þróar og bætir og lýkur svo doktorsnámi. Ég hef verið mjög lánsamur að hafa kynnt slíkum frábærum einstaklingum og getað rétt „keflið“ áfram. Frá því að ég flutti til Íslands 2009 hafa þrjú af þeim sem ég kynntist sem læknanemum, sem urðu síðar mínir doktorsnemar, valið meltingarlækningar sem sína sérgrein: Jóhann Páll Hreinsson, Helgi Kristinn Björnsson og Hólmfríður Helgadóttir sem öll eru virk í rannsóknum auk þess að vera úrvals lækmar.

Sem hluta af sérfræðináminu fór ég að vinna á meltingarlækningadeild í Gautaborg. Þar kynntist ég sérfræðingum sem mér líkaði einstaklega vel við. Þeir tóku sjálfa sig ekkert of alvarlega en slíkt fólk hef ég átt léttara með að umgangast.

Fegurðin við meltingarlækningar

Eins og hjá svo mörgum öðrum þá var val mitt á sérgrein að einhverju leyti tilviljunum háð. Upphafið var sennilega þegar ég var að velja mér þriðja árs verkefni það herrans ár 2010, verkefni um blæðingar frá meltingarvegi náði athygli minni. Ég, eins og góðum drengur, sótti ráðleggingar til móður minnar sem leist strax vel á verkefnið og þá var það ráðið. Leiðin lá þó ekki beint þaðan í meltingarlækningar, eftir kandiðatsárið var ég fyrst deildarlæknir á bráðamóttökunni og síðan á svæfingar- og gjörgæsludeildinni Hringbraut. Litlu mátti muna að ég ílengdist á svæfingunni, enda var maður þar umkringdur úrvals starfsfólki og vinnan krefjandi. Enn eimdi þó eftir áhugi og forvitni um meltingarlækningar sem ég varð að brynna. Ég hóf því störf á lyflækningasviði á Landspítala og fékk fljótlega að vera á meltingardeildinni. Áhugi minn dvínaði ekki, heldur jókst, og ég heillaðist af kunnáttu og hæfileikum starfsfólks á meltingardeildinni. Áðurnefnt þriðja árs verkefni stækkaði í umfangi og ég var svo lánsamur að geta haldið áfram með vísindastörf undir handleiðslu Einars S. Björnssonar.

Þegar maður fer að hafa einhvern skilning á læknisfræði, sem gerðist seint í mínu tilfelli, þá er fegurðin við

meltingarlækningar augljós. Fagið er mjög breitt og krefjandi, góður skilningur á meltingarkerfinu og sjúkdómum þess nægir ekki einn og sér, heldur þarf maður líka að vera vel að sér í bráðri lyflæknisfræði. Sjúklingarhópurinn er mjög fjölbreyttur, maður sinnir ungum sem öldnum og öllum þjóðfélagshópum. Sjúkdómarnir eru sömuleiðis fjölbreyttir, allt frá vanalegri sjúkdómum eins og bólgusjúkdómum í görn eða skorpulífur, til sjaldgæfari lifrarsjúkdóma eða hreyfisjúkdóma í görn. Vitsmunalegar áskoranir eru nægar, en maður hefur líka tækifæri til þess að vinna með höndunum. Inngrip innan meltingarlækninga eru allt frá ástungu á kviðarholsvökva upp í flóknar speglunaraðgerðir þar sem krabbamein eru fjarlægð og hlífa þannig sjúklingum frá skurðaðgerð.

Þegar ég var loksins búinn að sjá ljósið var stefnan sett á sérnám í lyf- og meltingarlækningum á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg, Svíþjóð. Þar hef ég verið síðan 2019 og hef alltaf verið mjög ánægður með mína ákvörðun. Það var þó talsverð brekka í upphafi að koma í umhverfi þar sem mjög flóknir sjúklingar þykja daglegt brauð, og er svo sem enn. Maður reynir þó að venja sig við þetta flækjustig í þeirri von að maður verði betri meltingarlæknir fyrir vikið.



Jóhann Páll Hreinsson

sérámslæknir í meltingarlækningum

Þegar maður fer að hafa einhvern skilning á læknisfræði, sem gerðist seint í mínu tilfelli, þá er fegurðin við meltingarlækningar augljós.